

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/110
komudagur 11.10.2012

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. október 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum, 103. mál.

Motus ehf., kt. 701195-3109, þakkar fyrir tækifæri til að koma að sjónarmiðum vegna frumvarps til breytinga á innheimtulögum. Eins og fram kemur í athugasemdum er frumvarpið endurflutt að mestu óbreytt og er því hjálögð fyrri umsögn Motus frá 31. maí 2011 og almennt vísað til hennar.

Í þeim frumvarpsdrögum sem nú liggja fyrir hefur verið tekið tillit til þeirrar athugasemdar Motus úr fyrri umsögn, sem laut að því að aðeins þeir sem áttu undir eftirlit FME þyrftu að geta staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar, samanber ákvæði 9. gr. og athugasemda við hana í fyrirbyggjandi frumvarpi.


Eftir standa allar aðrar athugasemdir um þann grundvallarmun sem er á eftirliti FME og Lögmannafélags Íslands. Í því samhengi er auglýst eftir 4. mgr. 7. gr. frumvarpsins, sem er breyting á 15. gr. laganna, sem boðuð er í síðustu málsgrein athugasemdana við 7. gr. frumvarpsins, en þar segir:

Í nýrri 4. mgr. er gert ráð fyrir að eftirlitsaðilarnir, Fjármálaeftirlitið, úrskurðarnefnd lögmanna og Neytendastofa, samræmi verklagsreglur sínar um eftirlit samkvæmt lögumum.

Þannig er margfalt dýrara fyrir aðra en lögmenn og félög sem lögmenn eiga að stunda innheimtustarfsemi. Eftirlitsaðilinn með lögmönnum og félögum sem þeir eiga hefur hvorki burði né úrræði til eftirlits.

Motus gerir því alvarlegar athugasemdir við frumvarpið og ítrekar þá skoðun að núverandi fyrirkomulag og það fyrirkomulag sem frumvarpið gerir ráð fyrir sé tímaskekkja, þar sem hagsmunir forréttindastéttar ráða för á kostnað samkeppni, gagnsæi og almennra neytendaverndarsjónarmiða. Þá vekur athygli að ekki skuli kallað eftir umsögn Samkeppniseftirlitsins.

Virðingarfyllst,



Sigurður Arnar Jónsson

**Viðskiptanefnd Alþingis
Alþingishúsinu v/Austurvöll
101 Reykjavík**

Reykjavík, 31. maí 2011

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum, 643. mál.

Motus kröfufjónusta ehf., kt. 701195-7109, áður Intrum á Íslandi, þakkar fyrir tækifæri til að koma að sjónarmiðum vegna frumvarps til breytinga á innheimtulögum.

Helsta athugasemd MOTUS lýtur að eftirlitsþætti laganna/frumvarpsins. Það er að mati MOTUS ólíðandi að mismunandi eftirlitskerfi séu með keppinautum á sama markaði. Í frumvarpinu er mynstrið flækt enn, með aðkomu Neytendastofu, sem eftirlitsaðila með þeim sem stunda innheimtu í eigin nafni og með innheimtu opinberra aðila.

Aðallega er þó gerð athugasemd við mismunandi eftirlit eftir eignarhaldi innheimtuaðila sem stunda innheimtur fyrir aðra. Þannig sæta innheimtuaðilar í eigu lögmannna ekki eftirliti FME. Þeir eiga að sæta eftirliti Lögmannafélags Íslands, hér eftir LMFÍ. Gildandi lög fela þetta eftirlit úrskurðarnefnd lögmannna, sem hefur ekki stöðu að lögum, ekki nokkra burði og engar heimildir til eftirlitsins.

Staðreyndin er sú að LMFÍ hefur ekki tekjustofna til að sinna eftirlitinu, LMFÍ hefur ekki starfsmenn til að sinna eftirlitinu, LMFÍ hefur engar lagaheimildir til að sinna eftirlitinu og síðast en ekki síst þá á LMFÍ engin bein úrræði ef félagið telur eitthvað athugavert í starfsemi innheimtuaðila. LMFÍ hvorki veitir lögmonnum réttindi sín eða sviptir þá réttindunum. LMFÍ hefur engin raunhæf þvingunar- eða rannsóknarúrræði og engar heimildir til að leggja á stjórnvaldssektir.

Á móti hefur FME alla burði til eftirlitsins og leggur gjald á MOTUS vegna eftirlits, sem nú er 600.000 krónur árlega. Lögmaður greiðir árgjald til LMFÍ, 42.000 krónur, hvort sem hann stundar innheimtustarfsemi eða ekki.

FME hefur ríkar heimildir til að grípa inn í meint brot á lögum og brot á góðum innheimtuháttum. FME getur krafist upplýsinga og getur sótt upplýsingar með valdboði og húsrannsóknnum. Sinni innheimtuaðili ekki kröfum FME, eða telji FME innheimtuaðila brotlegan, leggur FME á stjórnvaldssektir. FME veitir innheimtuleyfi og fellir þau niður. Samkeppnisstöðu og jafnræði er því augljóslega raskað með þessu fyrirkomulagi.

Í 9. gr. frumvarpsins er sett fram krafa um að innheimtuaðilar skuli á hverjum tíma geta staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar. Í greinargerð er talað um viðbrögð FME ef út af er brugðið. Um viðbrögð annarra eftirlitsaðila er ekkert sagt. Í frumvarpinu eru þannig í reynd lagðar ríkari skyldur á herðar innheimtuaðila sem sæta eftirliti FME.

MOTUS gerir ekki athugasemdir við þetta eftirlit eða lagaáskilnað um að innheimtuaðili geti staðið við skuldbindingar sínar, að öðru leyti en því að enn er brotin jafnræðisregla og samkeppnisstöðu raskað. Þó skal á það bent að ákvæðið er afar almennt orðað. Það kann að leiða

til þess að ákvæðið þjóni ekki tilgangi sínum og getur leitt til oftúlkunar og þar með misbeitingar. Ákvæðið kann að eiga vel við um váttryggingafélög en síður um innheimtuaðila.

Þegar þetta er ritað hafa að minnsta kosti þrír starfandi lögmenn sent umsókn til Umboðsmanns skuldara um greiðsluaðlögun og fengið skjól fyrir kröfuhöfum sínum, vegna þess að þeir geta ekki staðið í skilum. Þessara lögmanna er getið sem starfandi lögmanna á heimasíðu LMFÍ. Þessir lögmenn og félag í þeirra eigu geta því athugasemda- og átölulaust stundað innheimtustarfsemi, eins og aðra lögmansþjónustu. Við leyfum okkur að fullyrða að FME mundi ekki láta slíkt viðgangast. Við leyfum okkur líka að fullyrða að LMFÍ hefur ekkert aðhafst vegna þessara staðreynda og hefur engar heimildir til þess. Vegna umsókna tveggja þessarra lögmanna um greiðsluaðlögun hafa verið áberandi umfjallanir í fjölmiðlum. Stjórn LMFÍ veit því af stöðunni en gerir ekkert og getur ekkert gert. Enn má upplýsa um það að alltaf af og til eru gerð árangurslaus fjárnám hjá lögmönnum og upplýsingar þar um birtar á vanskilaskrá, án þess að LMFÍ geti eða reyni að aðhafast. Þessu til viðbótar fylgist enginn með stjórn LMFÍ, nema félagsmennirnir sem kjósa hana.

Að framan hafa verið dregin fram sjónarmið um brot á jafnræðisreglu og skerta samkeppnisstöðu, en **aðalatriðið** er þó ónefnt. Öll þau ákvæði sem nefnd hafa verið snúa beint eða óbeint að því að vernda viðskiptamenn innheimtuaðila. Bæði kröfuhafa og greiðendur. Þeirra hagsmunum er kastað fyrir róða með þessu fyrirkomulagi.

MOTUS ítrekar því þau sjónarmið að allir þeir sem stunda innheimtu fyrir aðra eigi að sæta eftirliti sama eftirlitsaðila þannig að jafnræðis og jafnarar samkeppnisstöðu sé gætt fyrir rekstraraðila og til að hagsmunir kröfuhafa og greiðenda séu tryggðir eins og kostur er. Núverandi fyrirkomulag og það sem frumvarpið gerir ráð fyrir er tímaskekkja, þar sem hagsmunir forréttindastéttar ráða för á kostnað samkeppni, gagnsæi og almennra neytendaverndar-sjónarmiða.

Virðingarfyllst,

Sigurður Arnar Jónsson

Sigurður Arnar Jónsson